

# Uppbygging innviða um land allt

Dæmi um framkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru að hefjast



## Verkefnaáætlun Landsáætlunar

**Snorralaug og minjasvæðið í Reykholti:** Umhverfi Snorralaugar hefur látið mjög á sjá vegna mikillar umferðar ferðamanna við hana. Unnið er að því að lagfæra skemmdir og styrkja umgjörð laugarinnar, sem og annarra minja á svæðinu.

**Þjóðgarðurinn Snæfellsnesi:** Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan þjóðgarðsins, meðal annars með framkvæmdum við gestastofu við Malarrif og uppbyggingu og undirbúningi margvíslegra innviða við Djúpalónssand, s.s. bættrar hreinlætisaðstöðu sem taka á í gagnið á þessu ári. Fram undan er meðal annars að bæta göngustíg við Öndverðarnes, stækka og malbika bílastæði við Skarðsvík og setja upp útsýnispalla við Saxhól og Svalþúfu.

**Dynjandi:** Mikil uppbygging innviða hefur átt sér stað við Dynjanda til að takast á við stóraukna umferð ferðamanna. Í fyrra sumar var bílastæði við rætur fossins tekið myndarlega í gegn og á næstu mánuðum mun rísa nýtt salernishús sem mun bylta hreinlætisaðstöðu staðarins. Meðal fyrirhugaðra framkvæmda á næstu misserum eru endurbætur á göngustígum og nýir útsýnispallar.

**Litlibær í Skötufirði:** Litlibær er friðað mannvirki við Ísafjarðardjúp sem komið er í umsjá ríkisins. Þörf er fyrir aðstöðu fyrir ferðafólk á þessu svæði. Meðal verkefna sem ýmist eru hafin eða á döfinni á næstu misserum eru skipulag, hönnun og uppbygging þjónustuhúss í endurbyggðri hlöðu við Litlabæ, bættar merkingar og lagning göngustíga.

**Hvítserkur við Vatnsnes:** Hannaðar hafa verið tröppur frá útsýnispalli og niður í fjöru til að bæta aðgengi og auka öryggi ferðafólks. Fram undan er að smíða tröppurnar og setja upp.

**Dimmuborgir:** Mikill fjöldi ferðamanna kemur í Dimmuborgir árlega. Til að vernda hraunið hafa fjölförnstu göngustígarnir verið malbikaðir og aðrir stígar endurbættir. Fyrir dyrum stendur m.a. að koma upp sérstökum útsýnisstöðum og að leggja göngu- og hjólateið inn á staðinn frá þjóðveginum.

**Jökulsárgljúfur – leið:** Á undanförnum árum hefur orðið gríðarleg aukning á reiðhjóla-umferð um Jökulsárgljúfur, sérstaklega á meðal þeirra sem stunda fjallahjólreiðar. Verkefnið er fyrsti áfangi þess að leggja skilgreinda hjóla- og reiðleið frá Ási við Ásbyrgi suður með Jökulsárgljúfrum að Dettifossi.

**Blanda við Geldingafell:** Lögð verður göngubrú við Geldingafell yfir ána Blöndu, ásamt því sem stígar verða lagðir á svæðinu.

**Teigarhorn:** Við Teigarhorn verður ráðist í uppbyggingu þjónustuhúss í samstarfi ríkis og sveitarfélags, sem og öryggis- og verndaraðgerðir á svæðinu.

# Uppbygging innviða um land allt

Dæmi um framkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru að hefjast



**Rútshellir:** Rútshellir undir Eyjafjöllum er í næsta nágrenni fjölfarinna ferðamannastaða á Suðurlandi og hafði ástandi hans hrakað mjög. Viðgerðum er lokið og er hellirinn nú aðgengilegur ferðafólki.

**Ægissíðuhellar:** Ægissíðuhellar skapa afar áhugaverða minjaheild en á síðustu árum hafa þeir verið lokaðir sökum ástands þeirra. Fyrir dyrum stendur að standsetja og opna þrjá hella á svæðinu fyrir ferðafólki.

**Pjórsárdalur:** Sumarið 2018 voru göngustígir afmarkaðir og merkingar bættar í Gjánni í Pjórsárdal. Ráðist verður í umfangsmiklar verndar- og viðhaldsaðgerðir á næstu árum og gildir það í senn um náttúru og menningarsögulegar minjar.

**Gullfoss:** Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað við Gullfoss síðustu árin. Áfram verður framkvæmt á grunni deiliskipulags og má þar nefna endurnýjun útsýnispalls, stíga og torg og bættar merkingar til að bæta afkastagetu þessa vinsæla ferðamannastaðar og auka öryggi ferðafólks.

**Þingvallahraun:** Malarstígakerfi í Þingvallahrauni verður lagt í fjórum áföngum. Einnig verður brugðist við ánaud við hina mosagrónu Hrafagnagjá með gerð sérstaks áfangastaðar við gjána með útsýnispalli.

**Gunnuhver:** Við Gunnuhver verður sett upp stærra bílastæði til að anna þeim fjölda gesta sem þangað koma, auk þess sem útsýnispalli og göngustígum verður viðhaldið.

## Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Landsáætlunin er stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Á grundvelli Landsáætlunar er lögð fram verkefnááætlun til þriggja ára um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

# Uppbygging innviða um land allt

Dæmi um framkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru að hefjast



## Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:

**Guðlaug við Langasand á Akranesi:** Nýstárleg og áhugaverð hugmynd sem gæti orðið að nýjum ferðamannasegli á Akranesi og stutt við þróun baðferðamennsku á landsvísu. Mannvirkið er fyrsta sinnar tegundar hér á landi og mun falla vel að þörfum útvistarsvæðisins við Langasand.

**Breiðin á Akranesi:** Verkefnið felur í sér framhald á því verkefni að gera Breiðina að fjölsóttum og góðum ferðamannastað. Staðurinn nýtur nálægðar við sterk náttúruöfl hafs og öldu og er með menningarsögulegt aðdráttarafl.

**Bjarnarfoss í Staðarsveit** (hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2018): Verkið var unnið á árunum 2015-2016 og er gott dæmi um hvernig heimafolk og sveitarfélag, með liðsinni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, hefur unnið faglega að uppbyggingu áningarstaðar þar sem allir geta notið fallegrar náttúru. Staðurinn er nú aðgengilegur allt árið. Hugað er að náttúrunni og að framkvæmdir falli vel að landi.

**Raggagarður Súðavík:** Verkefnið felst í að styrkja barnvæna ferðamennsku með því að bæta öryggi og aðkomu að fjölskyldugarði á Vestfjörðum.

**Hornbjargsviti á Hornströndum:** Verkefnið mun bæta aðgengi og auka öryggi þeirra ferðamanna sem heimsækja þennan sérstaka og áhugaverða stað auk þess að vernda náttúru.

**Goðafoss Þingeyjarsveit:** Innviðauppbygging við Goðafoss er dæmi um vel heppnað verkefni þar sem hugað er að öryggi og náttúruvernd með ráðgjöf fagaðila. Um er að ræða lokaáfanga í uppbyggingu á svæðinu, sem hefur verið markviss og samkvæmt áætlun undanfarin ár. Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og auknu öryggi ferðamanna á mjög vinsælu svæði.

**Stuðlagil í Jökuldal:** Áframhald uppbyggingsar á ört vaxandi ferðamannastað. Verkefnið stuðlar að auknu öryggi og bættri umgengni á viðkvæmu svæði.

**Óbyggðasetur:** Fengu styrk 2018 til að setja upp stjórnuskoðunaráhús og heita laug sem opin væri almenningi, með það að leiðarljósi að skapa nýja afþreyingu og styrkja ferðamennsku einkum utan háannar.

**Brúarfoss:** Brúarfoss er einn af sjálfsprottnu ferðamannastöðum sem eru dæmigerðir fyrir breytta ferðahegðun í kjölfar samfélagsmiðla. Veittir voru tveir styrkir árið 2017 og 2018 til að bæta gönguleið og umhverfi við fossinn. Verkefnið var mikilvægt til að tryggja vernd náttúrunnar og bæta öryggi ferðamanna.

**Reykjadalur:** Áframhald innviðauppbygging á vinsælum og aðgengilegum ferðamannastað á Suðurlandi. Brýnt er að bæta virkni hans og aðdráttarafl og verkefnið vegur þungt hvað varðar náttúruvernd og öryggi.

# Uppbygging innviða um land allt

Dæmi um framkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru að hefjast



**Hveradalir:** Stígagerð um hverasvæði í viðkvæmri náttúru Hveradala. Um er að ræða innviðaverkefni sem tengist öryggi og náttúruvernd og mun auka aðgengi að svæðinu.

**Reykjanes Geopark:** Verkefnið felur í sér varanlega lausn varðandi úrbætur í grunnnjónustu á þessum vinsæla og aðgengilega stað. Það stuðlar einnig að auknu öryggi ferðamanna og lagfærir landspjöll.

## Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er að veita styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt og til aðgerða sem stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fylgja viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsótta ferðamannastaði.